

e. Annast um að skipulagsskrá þessari verði framfylgt. 163

Reikningar sjóðsins skulu birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninga. 9. des.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta næstu 50 ár, og aldrei má breyta tilgangi sjóðsins, en fyrirkomulagi hans má að einhverju leyti breyta eftir þennan tiltekna tíma, ef þáverandi stjórn sjóðsins álitur að sjóðurinn nái betur tilgangi sínum með breytingunni, enda verði þær tillögur samþykktar á hreppsfundi í Arnarneshreppi af meiri hluta atkvæðisbærra hreppshúa.

8. gr.

Leita skal stjórnarstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arnarnesi, 1. nóvember 1948.

Guðm. Magnússon.

AUGLÝSING

164

um breytingu á reglugerð nr. 167 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar. 13. des.

Við 1. gr.: 1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1949 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slyshættu vera sem hér segir:

1. áhættuflokkur	110 aurar á viku.
2. —	150 — — —
3. —	220 — — —
4. —	300 — — —
5. —	500 — — —
6. —	600 — — —
7. —	800 — — —
8. —	900 — — —
9. —	1000 — — —
10. —	1500 — — —

Við 6. gr. Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 110 aurar.

Við 7. gr. Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 150 aurar.

Við 8. gr. Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 220 aurar.

Við 9. gr. Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 300 aurar.

Við 14. gr. Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 1000 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1949, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1948.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.